

# Aðalfundur Hvanneyrarbúsins ehf.

## 15.03. 2022

### Skýrsla stjórnar

Frá síðasta aðalfundi félagsins í ágúst 2021 hefur verið haldinn einn formlegur stjórnarfundur þann 13. október 2021 og samskipti að öðru leyti verið í gegnum tölvupóst.

Formaður félagsins er Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Aðrir stjórnarmenn eru Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárfærðafraeðingur og bóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði og Pétur Diðriksson, bóndi á Helgavatni í Þverárhlið. Bústjóri er Egill Gunnarsson og fjósameistari er Karl Vernharð Þorleifsson. Fundargerðir stjórnarfunda, ársreikningar og skýrslur stjórnar eru birtar á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is). Milli funda hafa stjórnarmenn og bústjóri átt í samskiptum vegna málefna sem varða félagið, rekstur þess, stefnu og framtíðarhorfur.

Tilgangur félagsins er að reka á hagkvæman hátt kúabú á Hvanneyri í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands. Tölur frá fyrra ári eru í sviga. Innlögð mjólk árið 2021 var 559.398 lítrar (503.227) með 97% mjólkurnýtingu, 4,04% fitu (4,11%) og 3,33% próteini (3,38%), mfm líftölu var 12 (13) og mfm frumutölu 71 (114). Hlutfall fitu og próteins lækkaði örlítið frá fyrra ári, líftala var nær óbreytt, en frumutala lækkaði, þannig að heilt yfir er staða mjólkurgæða mjög jákvæð en búið lagði inn úrvalsmjólk í öllum mánuðum ársins. Árskýr á búinu voru 77,4 (72,5) sem að meðaltali skiluðu 7.638 (7.595) kg mjólkur eða 7.227 kg í innlagðri mjólk. Heildarinnlegg búsins hefur aldrei verið jafnhátt en fyrra met var 558.041 (2019). Þetta var umfram væntingar en þess ber þó að geta að meðalnytin er varla viðunandi ef haft er í huga að framleiðslan 2019 náðist með mun færri árskúum (73,8).

Horfur á árinu 2022 benda til þess að það takist að skila um 540-550 þús. lítrum, en margt er þó óráðið enn t.d. gæði fódurs og áhrif af heimsmálum. Greinilegt er að nýr mjaltapjónn nær að afkasta sama eða meira með minni tilkostnaði í vinnu.

Rekstur félagsins gekk með ágætum á árinu 2021 og var hann í samræmi við þær áætlanir sem stjórnendur félagsins lögðu upp með. Heildartekjur félagsins voru 110.161.635 kr., en gjöld fyrir fjármagnsliði voru 100.949.866 kr. Hagnaður félagsins á árinu eftir fjármagnsliði var 6.916.654 kr. Stjórn leggur til að hagnaður félagsins leggist við eigið fé þess. Áætlun yfirstandandi árs gerir ráð fyrir tekjuafgangi þannig að halda megi áfram að byggja upp eigið fé félagsins, búa í haginn fyrir áframhaldandi endurnýjun á tækjum, búnaði og ræktun, ásamt því að efla fjárhagslegan styrk Hvanneyrarbúsins. Eigið fé félagsins jókst um 7,2 milljónir kr. á árinu og nemur það nú 61.382.125 kr. Vegna uppsafnaðs taps fyrri ára greiðir félagið ekki tekjuskatt fyrir árið 2021 en í árslok var tekjuskattsinn eign félagsins 5,1 m.kr. Frá því að rekstur félagsins var færður í núverandi horf árið 2015 hefur afkoma og eiginfjárstaða þess þróast með jákvæðum hætti. Langtímalán og greiðslubyrði af þeim hefur farið hratt lakkandi.

Engin veruleg áföll voru í rekstrinum fyrir utan altjóns á einni dráttarvél búsins þegar hún lenti í umferðarslysi. Mestu máli skipti að engin varanleg meiðsl urðu á fólki. Einnig má nefna að tíðin var erfið síðla sumars til að afla fódurs og kostnaður við búvélar fór óhóflega fram úr áætlun

Helstu fjárfestingar á liðnu ári voru:

- Endurnýjun á Mjaltapjóni DeLaval VMS 310 og mjólkurtanki sem hafði verið keypt árinu áður en búnaðurinn var tekinn í notkun 23. apríl 2021. RePro viðbót sem mælir frjósemishormón verður sett upp í næstu viku og mun styðja betur við ræktunarstarfið.
- Talsverðar breytingar voru gerðar á vinnuaðstöðu í fjósinu og aðbúnaði dýra. Snéru breytingar að burðarstíum og uppeldisaðstöðu smákálfa. Kálfamjólkuraðstaða var færð, settur var upp hálpallur til að geyma hálm og auðvelda dreifingu hans um stíur og settur var upp vask- og þvottaaðstaða sem auðveldar vinnu og sparar sporin. Starfsmenn sáu sjálfir að mestu um hönnun, smíði og uppsetningu.
- Ekki var heldur slegið stöku við í ræktun og fjárfest dyggilega þar eins og síðustu ár en um 30 hektarar voru endurræktaðir.

Búið tók virkan þátt í rannsóknastarfi LbhÍ, þá aðallega við jarðræktarrannsóknir en sérstaklega má telja fram að búið var virkur þátttakandi ásamt LbhÍ í verkefninu “sjálfbær áburðarnýting” sem snýst um að þróa og leita að innlendum áburðargjöfum. Búið sótti um í Nýsköpunarsjóð námsmanna til að hafa nema í verkefni sem snéri að ræktun olújurta og vann Sunna Skeggjadóttir verkefnið. Fjósið var vettvangur nýrra rannsóknarverkefna t.d. viðamikils doktorsverkefnis er snýr að kálfadauða í íslenska kúakyninu og verkefni á meistarastigi er skoðar tengsl holdafars og þyngdar við heilsufar og afurðir.

LbhÍ og búið í samstarfi við Veðurstofu Íslands fengu fjármagn úr innviðasjóði til að setja upp fullbúna búveðurstöð á Hvanneyri. Í lok árs var gengið frá kaupum ríkisins á Mið-Fossum fyrir LbhÍ og skapar það ný tækifæri fyrir háskólann og skólabúin til rannsókna og tilrauna. Þann 31. ágúst var undirritaður samningur milli Landbúnaðarháskóla Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneytis um rannsóknir á iðragerjun nautgripa. Keyptur var búnaður til mælinga á metanlosun nautgripa til uppsetningar í Hvanneyrarfjósi, sem er væntanlegur til landsins fyrri part árs 2022.

Stjórn leggur áfram áherslu á uppbyggingu á aðstöðu og búnaði Hvanneyrabúsins til að viðhalda og bæta aðstöðu til rannsókna og tilrauna. Áfram verður sótt um styrki til að fjármagna viðunandi rannsóknaraðstöðu fyrir einstaklingsfóðrunar-, verkunar-, umhverfis-, aðstöðu- og velferðartilraunir tengdri nautgriparækt.

Í september var gengið frá skýrslunni Betri búskapur – bættur þjóðarhagur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og komu starfsmenn og stjórn búsins að þeirri vinnu sem ráðgefandi aðilar. Verkefnið var styrkt af Bygðarannsóknasjóði.

Með haustinu 2021 var ljóst að mikil röskun hafði orðið á aðfangakeðjum í alþjóðaviðskiptum í kjölfar Covid-19 og verð á jarðgasi hafði margfaldast á örfáum mánuðum. Afleiðing þess er að verð á tilbúnum áburði ríflega tvöfaldaðist og mun verða töluverður kostnaðarauki vegna þess á árinu 2022 sem og öðrum aðföngum. Gera má ráð fyrir enn frekari hækkunum í kjölfar stríðsátaka í Úkraínu, sem er eitt af helstu kornræktarlöndum í heiminum. Viðbúið er að verð á aðkeyptu fóðri muni hækka verulega þegar líður á árið og ber þess strax merki á heimsmarkaðsverðum.

Í lok ársins gaf Karl Vernharð Þorleifsson fjósameistari það til kynna að hann hygðist segja staðar numið og reyna fyrir sér í eigin búrekstri. Mun hann þar af leiðandi hætta störfum um miðjan maí 2022 og mun hann þá hafa starfað fyrir félagið í tvö ár. Karl hefur sinnt starfinu af dugnaði, fórnfýsi og yfirfylli af alúð. Bústjóri og stjórn þakka Karli fyrir vel unnin störf og óska honum velfarnaðar.

Stjórn Hvanneyrabúsins ehf. þakkar starfsmönnum fyrir gott samstarf á árinu.

15. mars 2022  
Stjórn Hvanneyrabúsins  
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir  
Baldur Helgi Benjamínsson  
Pétur Diðriksson